

USR - 2009

**Helstu niðurstöður loftgæðamælinga við  
Naustabryggju,  
- tímabilið 17. júní - 6. ágúst 2009 -**

**Anna Rósa Böðvarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar /  
Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar**

## Efnisyfirlit

Myndir .....	2
Samantekt .....	3
1 Inngangur.....	4
2 Helstu niðurstöður .....	5
3 Umræður .....	8
Viðauki I.....	9
Viðauki III .....	10

## Myndir

Mynd 1. Staðsetning farstöðvar Umhverfis- og samgöngusviðs (gulur blettur) við Naustabryggju . .....	4
Mynd 2. Farstöðin staðsett á Naustabryggju. Ofan á farstöðinni er heimatilbúin flaska með rauðri trekt sem notuð var til að mæla fallryk (sjá einnig mynd nr. 3). .....	6
Mynd 3. Sólarhringsmeðaltöl köfnunarefnisdíoxíðs (NO <sub>2</sub> ) við Grensásveg (blá lína), í Fjölskyldu- og .....	7
Mynd 4. Sólarhringsmeðaltöl svifryks (PM10) við Grensásveg (blá lína), í Fjölskyldu- og.....	7

## Samantekt

Á tímabilinu 17. júní – 6. ágúst 2009, í alls 50 daga, voru gerðar mælingar á köfnunarefnisdíoxíði (NO<sub>2</sub>) og svifryki (PM<sub>10</sub>), við Naustabryggju. Farstöðin var staðsett u.þ.b. 100 metra frá framkvæmdasvæði Björgunar (sjá mynd 1). Áður höfðu verið gerðar mælingar á sama stað árið 2007 á tímabilinu 17. ágúst - 31. september<sup>1</sup>. **Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs (NO<sub>2</sub>) og svifryks (PM<sub>10</sub>) fóru aldrei yfir heilsuverndarmörk í öllum mælistöðvunum þremur** (Sjá nánar Viðauka I, töflur A, B & C). Einnig voru gerðar mælingar á fallryki<sup>2</sup> á Naustabryggju, og reyndist magn fallryks á þessu svæði innan þeirra krafna sem gerðar eru í reglugerð um fallryk (nr. 817/2002).

Niðurstöður mælinga benda til þess að loftgæði séu yfirleitt betri við Naustabryggju en við gatnamót Miklubrautar og Grensásvegur. Styrkur loftmengandi efna mældist að meðaltali lægri á Naustabryggjunni (sjá Viðauka I, töflu A) en við Grensásveg (sjá Viðauka I, töflu B), og mældust klukkutíma- og sólarhringsstyrkir NO<sub>2</sub> jafnframt lægri þar en við gatnamótin. Hins vegar mældist hæsti sólarhringsstyrkur svifryks (PM<sub>10</sub>) í farstöðinni við Naustabryggju (sjá Viðauka, töflu A). Alltaf mældust lægstu styrkirir í FHG (sjá Viðauka I, tafla C).

Það er ljóst af niðurstöðum mælinga við Naustabryggju að áhrif umferðar eru lítil í samanburði við mæliniðurstöður við Grensásveg (sjá mynd 3 og Viðauka I). En styrkur NO<sub>2</sub> mældist mun lægri við Naustabryggju en við Grensásveg en var svipaður og í FHG, sem á að gefa góða mynd af bakgrunnsgildum í borginni. Þetta er í samræmi við fyrri mælingu sem gerð var á sama stað árið 2007. Hins vegar mældist meðalstyrkur svifryks (PM<sub>10</sub>) við Naustabryggju á milli mæliniðurstöðna frá Grensásveg og í FHG (sjá Viðauka I).

Styrkur svifryks (PM<sub>10</sub>) mældist hærri við Naustabryggju en við Grensásveg í 4 daga, en mælingartímabilið stóð yfir í 50 daga. Vindáttir þá daga sem styrkur PM<sub>10</sub> mælist hærri bendir til þess að uppspretta svifryks (PM<sub>10</sub>) sé m.a. frá framkvæmdasvæði Björgunar. Alla þá daga sem styrkurinn var hærri mældist vindur að meðaltali hærri en 2 m/s yfir daginn (sjá Viðauka III, töflu B). Í mælingunni sem gerð var árið 2007 við Naustabryggju mældist styrkur svifryks (PM<sub>10</sub>) nær styrk svifryks (PM<sub>10</sub>) við Grensásveg.

Á mælingartímanum var einnig mælt fallryk<sup>3</sup> sem ekki er vatnsleysanlegt, alls var mælt í 28 daga (sjá uppsetningu á tilraun á mynd 3). Mælingar á fallryki miðast við 30 daga eða mánaðarmælingartíma, en þyngd fallryks á þessum tíma var 4 g/m<sup>2</sup> sem eru innan þeirra krafna sem sett eru í reglugerð sem eru 10 g/m<sup>2</sup>.

Við framkvæmdasvæði Björgunar var búið að slétta út sanddyngjur, sem veitir íbúasvæðinu skjól fyrir fjúki sands (sjá mynd 2) og byrjað var að græða sandinn meðan mælingar stóðu á Naustabryggju. Einnig hafði orðið minnkun á framkvæmdum vegna efnahagshrunsins 2008 og á umferð vörubíla um svæðið. Mjög líklegt er að þetta hafi jákvæð áhrif, og skilað því að styrkur svifryks (PM<sub>10</sub>) varð hlutfallslega lægri miðað við fyrri rannsókn. Áhugavert væri að mæla loftgæði á þessum stað einnig að vetrarlagi, til að staðfesta þessar niðurstöður. Einnig er stórt atvinnusvæði í Höfðahverfinu nálægt íbúðarhverfi þar sem svifryk (PM<sub>10</sub>) getur borist frá, auk þess sem farstöðin stóð á óbundnu svæði.


<sup>1</sup> Anna Rósa Böðvarsdóttir. 2009. Helstu niðurstöður loftgæðamælinga við Naustabryggju. 13 s.

<sup>2</sup> Fallryk er ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð (rg. 817 / 2002).

<sup>3</sup> Fallryk er ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð (rg. 817 / 2002).

# 1 Inngangur

Á tímabilinu 17. júní – 6. ágúst 2009 voru gerðar mælingar á köfnunarefnisdíoxíð ( $\text{NO}_2$ ) og svifryki ( $\text{PM}_{10}$ ) á Naustabryggju vestan megin við fyrirtækið Björgun (sjá mynd 1), u.þ.b. 100 metrum frá. Farstöð sem Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar rekur og er notuð til mælinga á áhugaverðum stöðum var komið fyrir á Naustabryggju (sjá mynd 2). Í Reykjavík eru staðsettar tvær fastar mælistöðvar við Grensásveg og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og sér Umhverfisstofnun um rekstur þeirra. Föstu mælistöðinni við Grensásveg, sem staðsett er stutt frá gatnamótunum við Miklubraut, er ætlað að vakta hæsta styrk mengandi efna sem líklegt er að finnast í Reykjavík og þar sem almenningur er líklegur til að verða fyrir mengun beint eða óbeint. Með hinni mælistöðinni sem staðsett er í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG) er ætlað að afla gagna um svæði sem eru dæmigerð fyrir loftgæði sem almenningur nýtur.



**Mynd 1.** Staðsetning farstöðvar Umhverfis- og samgöngusviðs (gulur blettur) við Naustabryggju. Á myndinni má einnig sjá áttir.

Í báðum föstu mælistöðvunum eru mældir veðurfarsþættir eins og vindátt og vindhraði. Hins vegar eru engir veðurfarsþættir mældir í farstöðinni, þess vegna er einnig stuðst við mælingar á veðurfarsþáttum eins og vindstefnu frá Veðurstofnunni þ.e. frá mælistöðinni við Bústaðavegin í Reykjavík til að fá vísbendingar um hvaðan mengun er að berast.

Á mælingartímabilinu var ákveðið að mæla einnig fallryk<sup>4</sup>, þar sem Naustabryggjan er staðsett við iðnaðarsvæði Björgunar og einnig er stórt iðnaðarsvæði í Höfðahverfi.

## 2 Helstu niðurstöður

Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs (NO<sub>2</sub>) og svifryks (PM<sub>10</sub>) fór aldrei yfir heilsuverndarmörk á Naustabryggju öllum mælistöðvunum þremur (sjá mynd 3 og Viðauka I, töflur A, B og C). Ástæða þess getur verið veðurfarið en á mælingartímabilinu mældist aldrei mikill vindur, en hæsta sólahringsmeðaltalið var í kringum 4 m/s. Úrkoma mældist ekki mikil yfir þetta tímabil en einhver úrkoma mældist 21 dag af 50 dögum (sjá Viðauka II). Vindhraði mældist ekki hár á þessu tímabili hæst mældist sólahringsmeðaltal 4 m/s (Sjá Viðauka II).

Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs (NO<sub>2</sub>) mældist meira en helmingi lægri á Naustabryggju en við Grensásveg, en svipaður og styrkur NO<sub>2</sub> í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Jafnframt mældust klukkutíma- og sólahringsstyrkir NO<sub>2</sub> alltaf lægri þar en við Grensásveg. Sólahringsstyrkur NO<sub>2</sub> var oft svipaður þeim styrk sem mældist í FHG.

Styrkur svifryks (PM<sub>10</sub>) mældist aðeins lægri yfir mælingartímánna á Naustabryggju en við Grensásveg og aðeins hærri en í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG). Hins vegar mældist hæsti sólahringsstyrkur svifryks (PM<sub>10</sub>) í farstöðinni á Naustabryggju þann 22. júlí (sjá Viðauka, töflu A). Yfirleitt mælast lægri sólahringsstyrkir í FHG fyrir svifryk (PM<sub>10</sub>) en við Grensásveg, undantekning voru dagarnir 7. og 13. júlí en þá mældust hæstu styrkirnir í FHG (sjá Viðauka II, tafla B). Báða þessa daga mældist vindur hægur að meðaltali 1-2 m/s í mælistöðinni FHG (þann 07.09 á bilinu 0.3 - 2.1 m/s, þann 13.09 á bilinu 0.5 - 3.8 hér mældust hæstu gildin þegar vindur var kominn yfir 3 m/s) og vindátt í FHG að meðaltali norðlægar áttir ríkjandi.

Styrkur svifryks (PM<sub>10</sub>) mældist hærri við Naustabryggju í fjóra daga en við Grensásveg, en mælingatímabilið stóð yfir í 50 daga, munurinn var yfirleitt mjög lítill (sjá Viðauka II). Þessa daga voru suðvestlægar og vestlægar áttir ríkjandi og vindhraði á bilinu 2,0 - 3,5 m/s. Vindáttir þá daga sem styrkur PM<sub>10</sub> mælist hærri bendir til þess að uppspretta svifryks (PM<sub>10</sub>) sé m.a. frá framkvæmdasvæði Björgunar.

Á mælingartímanum var einnig mælt fallryk<sup>5</sup> sem ekki er vatnsleysanlegt, alls var mælt í 28 daga (sjá uppsetningu á tilraun í mynd 3). Til að mæla fallrykið var notuð heimagerð flaska með trekt komið fyrir á þaki mælihúss farstöðvarinnar (sjá mynd 4). Reynt var að nota mælitæki samkvæmt staðlinum “Norsk Standard NS 4852”<sup>6</sup> sem fyrirmynd og þær kröfur sem gerðar eru um uppsetningu tækisins þar. Þyngd fallryks á þessum tíma var 4 g/m<sup>2</sup> sem eru innan þeirra krafna sem sett eru í reglugerð (rg. 817 / 2002) sem eru 10 g/m<sup>2</sup>. Sérfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sá um að þyngdarmæla sýni, en sýni var síað með Whatman síupappír nr. 40, með 55 mm þvermáli. Áður en hægt var að þyngdarmæla var sýnið þurrkað í tvo tíma og kælt í þurrkskáp í hálf tíma.

<sup>4</sup> Fallryk er ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð (rg. 817 / 2002).

<sup>5</sup> Fallryk er ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð (rg. 817 / 2002).


<sup>6</sup> Norsk Standard (NS 4852). 1981. Málning av støvnedfall - Støvsamler med horisontal samleplate. Norsk standard, Norges Standardiseringsforbund (NSF) 2. útgáfa. 6 bls.




**Mynd 2.** Farstöðin staðsett á Naustabryggju. Ofan á farstöðinni er heimatilbúin flaska með rauðri trekt sem notuð var til að mæla fallryk (sjá einnig mynd nr. 3). Á myndinni má sjá vestan megin hvernig Björgun er búin að búa til einskonar vegg úr sandi í staðinn fyrir sanddyngjurnar sem hefur verið sáð í.



**Mynd 3.** Uppsetning á fallrykstilraun, svört flaska og rauð trekt notuð til söfnunar á fallryki. Utan á trekt var sett “gírðingarefni” til að fæla fugla frá til að þeir færu t.d. ekki að skíta ofan í trektina.



**Mynd 3.** Sólarhringsmeðaltöl köfnunarefnisdíoxíðs ( $\text{NO}_2$ ) við Grensásveg (blá lína), í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG - græn lína) og farstöðin við Naustabryggju (farstöð - bleik lína).



**Mynd 4.** Sólarhringsmeðaltöl svifryks ( $\text{PM}_{10}$ ) við Grensásveg (blá lína), í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG - græn lína) og við Naustabryggju (farstöð - bleik lína).

### 3 Umræður

Styrkur köfnunarefnisdíoxíðs (NO<sub>2</sub>) og svifryks (PM<sub>10</sub>) fór aldrei yfir heilsuverndarmörk á Naustabryggju og í föstu mælistöðvunum tveimur við Grensásveg og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Mæliniðurstöður benda til þess að loftgæði á þessari staðsetningu séu yfirleitt góð að sumri, en tvær mælingar hafa verið gerðar á þessari staðsetningu, sú fyrri á árið 2007, 17. ágúst - 20. september<sup>7</sup>. Hér verður þó að hafa í huga að á þessum árstíma þ.e. júlí og ágúst að þá eru vindar oft litlir samkvæmt mælingum sem Veðurstofan hefur gert síðastliðin ár<sup>8</sup>.

Það er ljóst af niðurstöðum mælinga við Naustabryggju að áhrif umferðar eru ekki eins mikil þar og við Grensásveg sbr. niðurstöður mælinga á styrk NO<sub>2</sub> (sjá mynd 3 og Viðauka I). En styrkur NO<sub>2</sub> mældist mun lægri við Naustabryggju en við Grensásveg og engir dagar mældust hærri. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og komu fram í fyrri rannsókn á loftgæðum við Naustabryggju. Hins vegar mældist meðalstyrkur svifryks (PM<sub>10</sub>) við Naustabryggju nálægt meðalstyrk svifryks (PM<sub>10</sub>) við Grensásveg, en þar á að mælast mesta mengun í borginni (sjá mynd 4 og Viðauka I). Styrkur svifryks (PM<sub>10</sub>) mældist hærri við Naustabryggju en við Grensásveg í 4 daga, en mælingartímabilið stóð yfir í 50 daga. Þegar klukkutímagögn fyrir vindátt frá Grensásvegi og Bússtaðavegi eru skoðuð fyrir þá fjóra daga sem styrkur svifryks (PM<sub>10</sub>) mældist hærri við Naustabryggju, bendir það til þess að uppspretta svifryks (PM<sub>10</sub>) sé m.a. frá framkvæmdasvæði Björgunar og frá atvinnusvæði í Höfðahverfinu. Alla þá daga sem styrkurinn var hærri mældist vindur að meðaltali hærri en 2 m/s yfir daginn (sjá Viðauka III, töflu B).

Á mælingartímanum var einnig mælt fallryk<sup>9</sup> sem ekki er vatnsleysanlegt, alls var mælt í 28 daga (sjá uppsetningu á tilraun í mynd 3). Mælingar á fallryki miðast við 30 daga eða mánaðarmælingartíma, en þyngd fallryks á þessum tíma var 4 g/m<sup>2</sup> sem eru innan þeirra krafna sem sett eru í reglugerð sem eru 10 g/m<sup>2</sup>.

Niðurstöður mælinga benda til þess að iðnaðarsvæði Björgunar sé yfirleitt ekki vandamál að sumarlagi. Nú þegar hafa verið gerðar tvær mælingar að sumarlagi, en önnur þeirra náði fram á haust og hafa þær báðar komið ágætlega út. Hér verður þó að hafa í huga að þegar fyrri mæling fór fram var rigning flesta dagana og í seinni mælingunni má gera ráð fyrir því að framkvæmdir á iðnaðarsvæðinu hafi minnkað og að sama skapi umferð vörubíla um svæðið vegna efnahagshrunsins. Jafnframt var búið að slétta út sanddyngjur í seinna skiptið við framkvæmdasvæði Björgunar og var byrjað að reyna að græða hliðina sem nýr út að Naustabryggju. Þegar þessi skýrsla er skrifuð að þá er hliðin á sanddyngjunni sem snýr út að Naustabryggju orðin græn, þetta ætti að hafa jákvæð áhrif á loftgæði íbúðarbyggðar á þessum stað. Einnig er stórt atvinnusvæði í Höfðahverfinu nálægt íbúðarhverfi þar sem svifryk (PM<sub>10</sub>) getur borist frá, auk þess sem farstöðin stóð á óbundnu svæði. Áhugavert er að mæla á þessari staðsetningu að vetrarlagi, þegar t.d. vindar eru meiri til að staðfesta þessar niðurstöður.

<sup>7</sup> Anna Rósa Böðvarsdóttir. 2008. Helstu niðurstöður mælinga við Naustabryggju. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. 13 bls.

<sup>8</sup> Trausti Jónsson. 1985. Veðurfar á höfuðborgarsvæðinu. Veðurfarsdeild Veðurstofunnar. 41 bls.

<sup>9</sup> Fallryk er ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð (rg. 817 / 2002).



## Viðauki I

Yfirlit yfir helstu niðurstöður mælinga á tímabilinu 17. júní – 6. ágúst 2009.

**Tafla A. Mælingar á Naustabryggju.** Niðurstöður mælinga í 17. júní – 6. ágúst 2009.

Efni/mælieining	Meðaltal	Hæsta gildi á mælitímabilinu		Fjöldi gilda yfir heilsuverndarmörkum	
		24 klst	1 klst	24 klst	1 klst
Köfnunarefnis-díoxíð ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	2,3	8,4 30/6	28,1 28/6 kl: 19-20	0	0*
Svifryk PM10 ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	13,0	38,7 22/7	**	0	**

\* Ef miðað er við heilsuverndarmörkin  $110 \mu\text{g}/\text{m}^3$ . \*\*Heilsuverndarmörk ekki til eða á ekki við

	Efnið hefur mælst yfir heilsuverndarmörkum
	Efnið hefur ekki mælst yfir heilsuverndarmörkum

**Tafla B. Grensásvegur.** Niðurstöður mælinga 17. júní – 6. ágúst 2009.

Efni/mælieining	Meðaltal	Hæsta gildi á mælitímabilinu		Fjöldi gilda yfir heilsuverndarmörkum	
		24 klst	1 klst	24 klst	1 klst
Köfnunarefnis-díoxíð ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	8,2	15,2 39/6	37,5 28/6 kl: 00-01	0	0*
Svifryk PM10 ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	16,5	36,4 22/7	**	0	**

\* Ef miðað er við heilsuverndarmörkin  $110 \mu\text{g}/\text{m}^3$ . \*\*Heilsuverndarmörk ekki til eða á ekki við.

**Tafla C. Fjölskyldu- og húsdýragarður.** Niðurstöður mælinga 17. júní - 6. ágúst 2009.

Efni/mælieining	Meðaltal	Hæsta gildi á mælitímabilinu		Fjöldi gilda yfir heilsuverndarmörkum	
		24 klst	1 klst	24 klst	1 klst
Köfnunarefnis-díoxíð ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	3,0	11,0 28/6	28,1 28/6 kl: 19-20	0	0*
Svifryk PM10 ( $\mu\text{g}/\text{m}^3$ )	11,1	38,7 13/7	**	0	**

\* Ef miðað er við heilsuverndarmörkin  $110 \mu\text{g}/\text{m}^3$ . \*\*Heilsuverndarmörk ekki til eða á ekki við. Mælitæki sem mælir  $\text{NO}_2$  var bilað á tímabilinu 01.09.07-20.09.07.

## Viðauki II

**Tafla A. Sólarhringsmeðaltal fyrir NO<sub>2</sub> við Naustabryggju, Grensásveg og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG), auk upplýsinga um veðurfarsþætti eins og vindhraða, vindátt og úrkomu frá föstu mælistöðinni við Grensásveg og Bústaðavegi þar sem Veðurstofan rekur fasta mælistöð. Þeir dagar sem styrkur NO<sub>2</sub> mældist hærri á Naustabryggju en á Grensásvegi eru gráletraðir.**

Dagsetning	Nr. mánuður	Grensás NO <sub>2</sub> µg/m <sup>3</sup>	Naustabryggja NO <sub>2</sub> µg/m <sup>3</sup>	FHG NO <sub>2</sub> µg/m <sup>3</sup>	Grensás Vindátt (gráður)	Grensás Vindhraði (m/s)	Grensás Úrkoma (%)	FHG Vindhraði (m/s)	Bústaðav.* Vindhraði (m/s)
17.	6	3,7	0,7	1,0	213,3	2,8	6,5	1,8	2,9
18.	6	9,5	2,4	2,9	279,8	3,5	0,0	2,4	3,8
19.	6	9,8	1,0	1,8	275,5	3,0	0,0	2,0	3,5
20.	6	3,3	0,1	0,3	107,9	4,0	2,3	2,7	4,8
21.	6	5,6	0,0	0,4	229,1	3,1	14,2	1,4	4,0
22.	6	10,2	3,9	3,6	199,6	2,9	13,6	1,0	4,0
23.	6	13,3	4,0	3,0	272,2	2,0	61,3	1,1	2,2
24.	6	9,3	3,1	0,7	304,3	2,6	2,5	1,8	2,8
25.	6	10,6	5,2	7,4	130,9	2,5	19,5	1,4	2,7
26.	6	14,6	6,2	8,5	229,1	1,7	0,0	1,0	2,1
27.	6	8,7	2,9	4,0	266,7	1,8	0,0	0,9	1,6
28.	6	13,7	8,0	11,0	177,9	1,1	3,7	0,5	1,0
29.	6	9,5	3,8	4,3	206,7	2,4	0,0	1,6	2,2
30.	6	15,2	8,4	9,3	236,7	1,5	1,2	0,7	1,4
1.	7	5,4	2,1	4,0	141,8	3,0	0,6	1,7	3,2
2.	7	4,6	2,2	2,4	133,9	3,9	7,0	2,7	4,7
3.	7	8,2	3,5	3,0	221,4	2,4	0,0	1,5	2,5
4.	7	6,1	1,4	3,0	152,4	2,8	6,3	1,6	2,8
5.	7	5,5	0,1	1,2	255,7	1,7	22,6	1,0	1,8
6.	7	8,5	1,9	2,6	226,0	2,5	6,6	1,2	2,5
7.	7	12,6	3,8	2,6	263,2	1,9	0,0	1,0	2,1
8.	7	10,5	4,3	1,7	288,1	2,0	0,0	1,1	1,9
9.	7	10,3	2,6	4,3	174,1	2,5	0,0	1,1	2,8
10.	7	12,4	4,1	4,3	266,7	2,1	0,0	1,4	1,8
11.	7	7,0	1,2	2,2	241,2	2,2	0,0	1,5	1,9
12.	7	4,9	2,8	2,0	253,8	2,5	0,0	1,2	2,6
13.	7	6,9	1,7	2,0	289,1	2,8	0,0	1,6	2,9
14.	7	7,7	0,1	1,2	164,1	3,6	0,0	2,7	4,6
15.	7	7,6	0,0	2,0	189,1	2,7	0,0	1,7	2,9
16.	7	9,0	2,2	1,9	234,2	2,4	0,0	0,5	2,3
17.	7	7,7	0,5	-	213,6	2,7	0,2	-	2,8
18.	7	5,8	1,7	-	277,3	1,9	0,0	-	2,1
19.	7	6,3	3,7	-	238,1	1,9	0,0	-	2,1
20.	7	8,0	1,3	3,0	156,7	2,6	0,0	2,1	2,4
21.	7	8,3	2,9	3,7	183,5	2,8	0,0	1,3	3,3
22.	7	8,2	1,7	2,1	169,1	2,4	0,0	1,5	2,7
23.	7	6,7	-0,9	0,1	108,1	4,0	2,1	3,0	4,9
24.	7	5,5	0,1	0,2	288,1	4,0	0,0	2,6	4,1
25.	7	7,2	2,1	2,5	220,1	1,9	0,0	1,2	1,8
26.	7	6,9	3,3	3,8	122,7	1,9	17,4	1,1	2,3
27.	7	10,0	3,6	2,6	143,5	2,4	0,0	1,8	3,4
28.	7	10,0	0,3	2,5	157,5	2,1	33,1	1,3	2,5
29.	7	7,2	1,0	3,1	185,7	2,2	12,0	1,1	2,4
30.	7	9,6	3,6	5,6	184,6	1,9	0,0	1,0	1,9
31.	7	9,1	1,7	3,6	204,9	2,2	0,0	1,2	2,2
1.	8	5,9	0,9	2,1	272,0	2,3	0,0	1,5	2,4
2.	8	5,6	0,9	0,7	245,3	2,0	0,0	1,4	2,2
3.	8	4,8	1,3	2,9	210,7	2,2	0,0	1,3	1,9
4.	8	7,0	0,5	2,6	90,2	3,1	6,6	1,9	3,2
5.	8	4,2	0,4	2,2	100,7	3,6	12,3	2,1	3,9

\* Ekki til sólarhringsmeðaltal fyrir vindátt við Bústaðaveg.

**Tafla B. Sólarhringsmeðaltal fyrir svifryk (PM10), vindhraða, vindátt og úrkomu** (veðurfarsupplýsingar bæði frá föstu mælistöðinni við Grensásveg og Bústaðavegi þar sem Veðurstofan rekur fasta mælistöð). Þeir dagar sem styrkur svifryks (PM10) mældist hærri við Naustabryggju en við Grensásveg eru gráletraðir.

Dagsetning	Nr. mánuður	Grensás Svifryk (PM10) $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Nausta-bryggja Svifryk (PM10) $\mu\text{g}/\text{m}^3$	FHG (PM10) $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Grensás Vindátt (gráður)	Grensás Vindhraði (m/s)	Grensás Úrkoma (%)	FHG Vindhraði (m/s)	Bústaðav. * Vindhraði (m/s)
17.	6	10,5	9,6	7,2	213,3	2,8	6,5	1,8	2,9
18.	6	10,9	6,9	10,1	279,8	3,5	0,0	2,4	3,8
19.	6	11,5	9,0	8,8	275,5	3,0	0,0	2,0	3,5
20.	6	13,8	10,4	5,8	107,9	4,0	2,3	2,7	4,8
21.	6	13,3	11,0	8,0	229,1	3,1	14,2	1,4	4,0
22.	6	19,4	16,1	11,6	199,6	2,9	13,6	1,0	4,0
23.	6	7,2	4,8	3,8	272,2	2,0	61,3	1,1	2,2
24.	6	9,3	5,8	6,9	304,3	2,6	2,5	1,8	2,8
25.	6	11,6	6,0	5,4	130,9	2,5	19,5	1,4	2,7
26.	6	13,8	10,4	7,3	229,1	1,7	0,0	1,0	2,1
27.	6	14,2	10,6	7,9	266,7	1,8	0,0	0,9	1,6
28.	6	23,7	16,5	8,2	177,9	1,1	3,7	0,5	1,0
29.	6	18,7	16,0	10,8	206,7	2,4	0,0	1,6	2,2
30.	6	23,6	18,3	10,4	236,7	1,5	1,2	0,7	1,4
1.	7	10,1	8,0	6,7	141,8	3,0	0,6	1,7	3,2
2.	7	13,8	11,1	8,4	133,9	3,9	7,0	2,7	4,7
3.	7	16,1	20,8	9,9	221,4	2,4	0,0	1,5	2,5
4.	7	19,3	13,7	13,4	152,4	2,8	6,3	1,6	2,8
5.	7	27,1	17,4	12,2	255,7	1,7	22,6	1,0	1,8
6.	7	29,7	28,5	35,2	226,0	2,5	6,6	1,2	2,5
7.	7	22,5	19,9	20,5	263,2	1,9	0,0	1,0	2,1
8.	7	12,6	11,0	7,5	288,1	2,0	0,0	1,1	1,9
9.	7	11,5	10,0	8,3	174,1	2,5	0,0	1,1	2,8
10.	7	13,6	12,3	7,5	266,7	2,1	0,0	1,4	1,8
11.	7	13,3	10,7	7,2	241,2	2,2	0,0	1,5	1,9
12.	7	25,0	26,5	17,4	253,8	2,5	0,0	1,2	2,6
13.	7	25,7	24,3	38,7	289,1	2,8	0,0	1,6	2,9
14.	7	22,2	11,1	14,5	164,1	3,6	0,0	2,7	4,6
15.	7	9,5	7,1	7,0	189,1	2,7	0,0	1,7	2,9
16.	7	15,5	10,3	6,0	234,2	2,4	0,0	0,5	2,3
17.	7	17,1	10,7	-	213,6	2,7	0,2	-	2,8
18.	7	29,5	12,8	-	277,3	1,9	0,0	-	2,1
19.	7	23,6	13,7	-	238,1	1,9	0,0	-	2,1
20.	7	33,6	30,8	37,7	156,7	2,6	0,0	2,1	2,4
21.	7	27,4	31,6	20,7	183,5	2,8	0,0	1,3	3,3
22.	7	36,4	38,7	22,5	169,1	2,4	0,0	1,5	2,7
23.	7	21,5	9,0	9,1	108,1	4,0	2,1	3,0	4,9
24.	7	9,9	6,1	8,5	288,1	4,0	0,0	2,6	4,1
25.	7	8,1	6,0	8,4	220,1	1,9	0,0	1,2	1,8
26.	7	8,6	6,3	5,0	122,7	1,9	17,4	1,1	2,3
27.	7	25,3	23,5	11,8	143,5	2,4	0,0	1,8	3,4
28.	7	11,4	5,4	5,5	157,5	2,1	33,1	1,3	2,5
29.	7	8,3	5,3	5,3	185,7	2,2	12,0	1,1	2,4
30.	7	8,8	5,7	7,1	184,6	1,9	0,0	1,0	1,9
31.	7	8,9	5,4	6,5	204,9	2,2	0,0	1,2	2,2
1.	8	8,4	5,8	8,0	272,0	2,3	0,0	1,5	2,4
2.	8	11,6	8,4	8,2	245,3	2,0	0,0	1,4	2,2
3.	8	10,9	10,2	10,2	210,7	2,2	0,0	1,3	1,9
4.	8	14,4	10,4	7,3	90,2	3,1	6,6	1,9	3,2
5.	8	12,4	9,1	7,0	100,7	3,6	12,3	2,1	3,9

\*Ekki til sólarhringsmeðaltal fyrir vindátt við Bústaðaveg.